



Samtakahópurinn, fundur haldinn 24.09.2024 kl. 13:30 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Ragnhildur Birna Hauksdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Ljósanótt 2024

- Farið var yfir viðbragð og verklag á Ljósanótt 2024. Heilt yfir gekk hátíðin vel. Samstarf Flotans (flakkandi félagsmiðstöðvar) og lögreglunnar gekk vel. Það var mikill styrkur í því að fá starfsfólk frá Flotanum á höfuðborgarsvæðinu til liðs við okkur þar sem þau þekktu megnið af ungmennum sem komu þaðan. Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tólmstundafulltrúi, Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðukona Fjörheima og 88 hússins og Kristján Freyr Geirsson lögreglumaður heimsóttu öll ungmenni í 8. – 10. bekk í Reykjanesbæ í ljósanæturvikunni og upplýstu ungmenni um aukið viðbragð á Ljósanótt 2024. Ungmenni fengu góðar upplýsingar um það að þau gætu alltaf leitað til starfsfólks Flotans en þeirra helsti tilgangur væri að vera til staðar fyrir þau á Ljósanótt. Í lokinn talaði Kristján Freyr um vopnaburð og afleiðingar hans ásamt því að fjalla um sakhæfi.

Ungt fólk og samfélagið

- Að undanfögnu hefur verið mikil umræða um ungt fólk í samfélaginu. Sú umræða hefur að miklu leyti snúist um ofbeldi og vanlíðan. Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðukona Fjörheima og 88 hússins stýrði umræðunni og bað fundarmeðlimi að tjá sína upplifun af stöðunni.

Forvarnardagur

- Hafþór Barði Birgisson íþrótta og tólmstundafulltrúi og Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðukona Fjörheima og 88 hússins leiddu umræðu um forvarnardag í samhengi við umræðuna hér að ofan (ungt fólk og samfélagið). Hugmyndin er að bjóða nemendum í 9. bekk í Reykjanesbæ upp á forvarnardag eða örstöðvaday þar sem



boðið er upp á fjóra stutta fyrirlestra. Samtakahópurinn ræddi um fyrirlesara/erindi sem ættu heima á þessum forvarnardegi en hópurinn var sammála um að það ætti að blanda saman erindum varðandi ofbeldismenningu/ vopnaburð, ásamt því að fjalla um jákvæða og uppbyggilega hluti. Leiðarljós dagsins ætti að vera *hvernig við getum verið góð við hvort annað*. Hugmyndir af fyrirlesurum voru meðal annars:

- a) Margrét Sigurðardóttir – Verum góð
- b) Björgvin Páll Gústavsson – Handboltamaður og fyrirlesari
- c) Kristján Freyr Geirsson – Forvarnarfulltrúi lögreglunnar
- d) KVAN – Mennta- og þjálfunarfyrirtæki

Ákveðið var að Hafþór Barði og Gunnhildur myndi klára að fullmóta forvarnardaginn og koma upplýsingum áleiðis til grunnskóla Reykjanesbæjar.

Foreldrafundur/ Tökum höndum saman

- Samtakahópurinn var sammála því að bjóða þyrfti upp á foreldrafund/ foreldrafræðslu á næstu vikum. Þar ættu umræðuefni að vera á borð við:
 - a) Í hvernig samfélagi viljum við að börnin okkar búi í?
 - b) Foreldrar beri ábyrgð á sínu barni: þekkja foreldra vini barnanna sinna, en foreldra vinanna? eru foreldrar upplýstir um það sem börnin eru að gera, bæði innandyra og utan, ásamt því sem þau eru að gera í snjallsímunum.
 - c) Samverustundir fjölskyldunnarGunnhildur og skrifstofa Fjörheima og 88 hússins ætlar að taka þetta verkefni áfram.

Forvarnir

- Rætt var um íslenska forvarnarmódelið og hvernig við náðum miklum árangri í forvörnum hér áður fyrr. Einn lykilþáttur var áherslur sem settar voru á íþróttá- og tómstundastarf ungmenna. Á fundinum var rætt um það hvort grunnskólar gætu kortlagt hópinn sinn betur og aðstoðað ungmenni við það að finna íþróttir- eða tómstundir við hæfi. Gott verkfæri fyrir grunnskólana eru t.d. valgreinar. Fjörheimar félagsmiðstöð er t.d. að bjóða upp á val utan skóla en þar væri kjörið tækifæri fyrir skólastjórnendur að bjóða ungmendum sem ekki eru í virkni eftir skóla að vera í Fjörheimavali.



Fristundir.is



- Hafþór Barði Birgisson íþrótta og tómstundafulltrúi minnti á heimasíðuna fristundir.is en þar eru góðar upplýsingar um íþrótta- og tómstundastarf sem er í boði fyrir alla aldurshópa. Námsráðgjafar grunnskólanna töluðu um að senda upplýsingar um vefsíðuna í tölvupósti til foreldra.

Lýðheilsu- og forvarnarvika

- Hafþór Barði Birgisson íþrótta og tómstundafulltrúi talaði um Lýðheilsu og forvarnarviku Reykjanesbæjar. Hún verður haldin 30. september – 6. október. Fjöldi heilsutengdra viðburða verður í boði fyrir bæjarbúa á öllum aldri. Markmiðið með lýðheilsu- og forvarnarvikunni er að efla vitund og ýta undir heilbrigða lífshætti sem stuðla að bættri líðan og öflugri lýðheilsu bæjarbúa. Fjölbreytt dagskrá verður í gangi alla vikuna, og ýmis tilboð í boði hjá fyrirtækjum og stofnunum Reykjanesbæjar sem taka virkan þátt.

Fundi slitið kl. 14:30

Næstu fundur: fimmtud. 24. okt. kl.14:00 í Ráðhúsinu